



# 49. Stúdentaráðsfundur

## Fundur Stúdentaráðs

9. mars 2017

**Fundarritari:** Sólveig María Árnadóttir

*Fundur settur: 12:04*

**Mættir:** Ketill Sigurður Jóelsson, Sólveig María Árnadóttir, Thelma Rut Káradóttir, Anna Sif Guðmundsdóttir, Andrés Tryggvi Jakobsson, Bergdís Sigfúsdóttir, Berglind Ósk Guðmundsdóttir, Björn Auðunn Ólafsson, Heiða Björg Guðjónsdóttir, Hörður Ingi Kristjánsson, Lís Margrét Rúnarsdóttir, Sigurbjörg Arna Stefánsdóttir, Páll Hólm Sigurðarson.

**Fjarverandi:** Kristín Gerðalíð, Pétur Már Jónsson.

### Dagskrá 49. fundar stúdentaráðs

1. Fjárhagsáætlun.
2. LÍS fulltrúar.
3. Ísskápaplan og Snapchat
4. Árshátíð, video og annað.
5. Afmælisnefnd.
6. Samantekt á kennsluáætlunum.
7. Stúdentaráðsmyndataka, 20. mars klukkan 16:10
8. Önnur mál.



## 1. Fjárhagsáætlun.

Thelma, fjármálastjóri tilkynnir að fjárhagsáætlun fyrir næsta árið sé ekki tilbúin þar sem að framkvæmdastjórn hyggist leggja fram breytingatillögur sem tengjast þóknun framkvæmdastjórnar, þóknun meðlima í stúdentaráði og fastagreiðslum til aðildarfélaga.

Hingað til hafa aðildarfélög séð um greiðslur á öllum helstu sameiginlegu viðburðum FSHA, þar má nefna viðburði eins og sprellumót, próflokapartý o.fl. Framkvæmdastjórn lagði var fram tillaga þess eðlis að FSHA myndi sjá um að greiða fyrir þessa stærri sameiginlegu viðburði og í staðin myndi fastagreiðsla FSHA til aðildarfélaganna lækka úr 160.000 krónum í 100.000 krónur. *Tillagan var samþykkt einróma.*

Þóknun til meðlima framkvæmdastjórnar er 80.000 krónur á mánuði og var lögð fram tillaga að hækkun þóknunar, í 100.000 krónur á mánuði. Rökin fyrir hækkuninni eru þau að fráfarandi framkvæmdastjórn hafði þegar séð fyrir sér að hækka þóknunina í skrefum en mikil vinna er á herðum framkvæmdastjórnar, sérstaklega á álagstíma og missa meðlimir framkvæmdastjórnar m.a. mikið úr vinnu í ágústmánuði. *Tillagan var samþykkt einróma og mun taka gildi 1. ágúst 2017.*

Formenn aðildarfélaga fá greiddar 3.000 krónur fyrir fundarsetu á stúdentaráðsfundum. Framkvæmdastjórn lagði til að fundarsetuþóknunin yrði tekin af formönnum í ágúst og að þeir fengju frekar greidda fasta þóknun fyrir hvora önn fyrir sig, *Tillagan var samþykkt einróma og tekur gildi næsta skólaár.*

Framkvæmdastjórn setti fram tillögu að borgað yrði far suður fyrir 2 fulltrúa frá FSHA á framkvæmdastjórnarfundi LÍS, annan hvorn mánuð. Tilgangur þess er að virkja FSHA enn frekar inn í LÍS. *Tillagan var samþykkt einróma.*



## 2. LÍS fulltrúar.

Óskað var eftir fulltrúa FSHA í LÍS til tveggja ára, Lís Margrét Rúnarsdóttir bauð sig fram og verður tilnefnd á landsþingi LÍS 19. mars næstkomandi. Einnig var óskað eftir tveimur varamönnum, sem FSHA tilnefndir á landsþinginu og buðu Sigurbjörg Arna Stefánsdóttir og Björn Auðunn Ólafsson sig fram

## 3. Fulltrúar í nefndir og ráð.

Farið var yfir það hvort að öll aðildarfélög væru komin með fulltrúa í nefndir og ráð innan FSHA. Bent var á að Data vanti enn fulltrúa í Félags- og menningarlífsnefnd og kynningarnefnd. Hörður, formaður Data ætlar að fara í málið og reyna að fá einhverja fulltrúa í þær nefndir. Aðrar stöður eru mannaðar og hefur aðildarfélögum gengið vel að manna stöður sinna fulltrúa.

## 4. Ísskápaplan og Snapchat.

Það er undir nemendafélögunum komið að þrifa ísskápinn sem er fyrir framan matsalinn í Sólborg, öll nemendafélög að Stafnbúa undanskildum skipta þessum þrifum á milli sín. Framkvæmdastjórn hefur búið til skipulag sem sýnir hvaða viku hvert nemendafélag á, í þeirri viku mun nemendafélagið einnig vera með SnapChat aðgang Háskólans á Akureyri. Stafnbúi verður með snappið þegar Data á að þrifa ísskápinn í seinna skiptið.

## 5. Árshátíð, vídeo og annað.

Árshátíðin er rædd og spurt hvort að öll félög hafi sent inn árshátíðarmyndbönd. Þrjú félög hafa sent inn myndbönd: Magister, Kumpáni og Reki. Bergdís, formaður Fél&menn hvetur þau félög sem ekki hafa skilað myndböndum, til þess að skila einhverju inn.

Veislustjórar árshátíðarinnar hafa óskað eftir því að fá einhverja punkta frá nemendum varðandi einhverja fyndna og skemmtilega viðburði sem hafa gerst á árinu. Nemendafélögin eru hvött til þess að senda inn punkta til



framkvæmdastjórnar sem fyrst.

## 6. Afmælisnefnd.

Öll félög nema Data eru komin með fulltrúa í afmælisnefnd. Helga Margrét heldur utan um þessa afmælisnefnd nemenda og er markmið nefndarinnar að skipuleggja afmælisdag skólans, fyrir nemendur skólans.

- Sandra Kristinsdóttir, fyrir Eir
- Sigurbjörg Arna Stefánsdóttir, fyrir Kumpána
- Arnór Heiðmann, fyrir Magister
- Hólmfríður Lilja Birgisdóttir, fyrir Reka
- Guðmundur Ólafsson, fyrir Stafnbúa
- Axel Trausti Gunnarsson, fyrir Þemis

## 7. Samantekt á kennsluáætlunum.

Áður hafði verið óskað eftir punktum frá öllum deildum varðandi kennsluáætlanir, uppsetningu og gerð þeirra. Þegar hafa einhver félög sent inn upplýsingar varðandi þetta og eru aðrir hvattir til þess að skila inn sem allra fyrst. Framkvæmdastjórn bendir einnig mikilvægi þess að láta alltaf vita ef eitthvað þarf að bæta og koma ábendum alltaf áleiðis.

## 8. Stúdentaráðsmyndataka, 20. mars klukkan 16:10.

Auðunn ætlar að koma 20. mars og taka myndir af stúdentaráði.

## 9. Önnur mál.

Ketill sagði frá því að umsjónarmenn Secret Solstice hefðu áhuga á því að vera í samstarfi við FSHA varðandi miðasölu á hátíðina. Meðlimir FSHA fengu þá afslátt á miðum á hátíðina og þeir sem myndu taka þátt í að selja miða, færu í pott og gætu unnið frímiða á hátíðina. Engin ákvörðun var tekin um þetta samstarf og voru meðlimir stúdentaráðs beðnir um að hugsa það.



Anna Sif benti á að umsjónarmenn AK Extreme hefðu einnig áhuga á því að vera í svipuðu samstarfi við okkar, varðandi miðasölu o.fl. og ætlar stúdentaráð einnig að velta því fyrir sér hvort eigi að taka þátt í því.

*Fundi slitið kl. 13:00*



## Undirskrift fundargesta

Ketill Sigurður Jóelsson  
*Formaður FSHA*

Sólveig María Árnadóttir  
*Varaformaður FSHA*

Thelma Rut Káradóttir  
*Fjármálastjóri FSHA*

Hörður Ingi Kristjánsson  
*Formaður Data*

Lísa Margrét Rúnarsdóttir  
*Formaður Eirar*

Sigurbjörg Arna Stefánsdóttir  
*Forseti Kumpána*

Heiða Björg Guðjónsdóttir  
*Formaður Magister*

Páll Hólm Sigurðarson  
*Formaður Reka*

Andrés Tryggvi Jakobsson  
*Formaður Stafnbúa*

Pétur Már Jónsson  
*Formaður Þemis*

Kristín Gerðalíð  
*Formaður Alþjóðanefndar*

Anna Sif Guðmundsdóttir  
*Formaður Félags- og menningarlífsnefndar*

Bergdís Sigfúsdóttir  
*Formaður kynningarnefndar*